



## Menningar- og friðarsamtökin MFÍK

27. janúar 2011

Mál 147

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipan rannsóknarnefndar um aðdraganda ákvörðunar um stuðning Íslands við innrásina í Írak, mál 147.

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK fagna tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem rannasaka skuli aðdraganda og ástæður þess að Ísland gerðist stuðningsaðili innrásar Bandaríkjamanna og Breta í Írak árið 200. Samtökin styðja jafn fram eindregið að birt verði öll skjöl og allar upplýsingar sem tengjast ákvörðun íslenskra stjórnvalda.

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK voru á móti árás á Írak. Ásamt fjölda annarra komu félagar MFÍK þeirri skoðun á ýmsan hátt á framfæri. Sendu áskoranir og ályktanir til stjórnvalda, héldu fræðslufundi og stóðu fyrir og/eða tóku þátt í fjöldamörgum mótmælafundum. Það kom einnig á daginn að þar var MFÍK á sömu línu og meirihluti Íslendinga, sem vilja ekki að farið sé með ófriði gagnvart öðrum þjóðum í þeirra nafni.

Í skoðanakönnun sem gerð var kom í ljós að meginþorri íslensku þjóðarinnar var á móti því að Ísland drægist inn í hernaðarárásir. Þeir aðilar sem tóku ákvörðun fyrir hönd Íslands í þessu máli gengu þvert á vilja þjóðarinnar. Því er nauðsynlegt að draga fram alla þætti í aðdraganda þessarar ákvörðunar. Kanna þarf hvort ráðamenn höfðu einhvern hag af fylgispekt sinni eða hvort ákvörðunin tengist á einhvern hátt tilraunum íslenskra ráðamanna til að framlengja veru Bandaríkjahers á Suðurnesjum.

Rannsóknin mun í engu bæta aðstæður þeirra sem féllu í stríðinu eða hlutu örkuml á líkama og/eða sálu. Ekki heldur mun hún greiða úr vanda þeirra fjölmörgu sem eru landflótta í

kjölfarið en gæti verið fyrsta skrefið í að Ísland taki siðferðilega og pólitíska ábyrgð á stríðinu í Írak og afleiðingum þess.

Rannsóknin og birting skjala og upplýsinga gæti einnig orðið liður í ferli til að fyrirbyggja að slíkir atburðir endurtaki sig. En svo lengi sem Ísland er aðili að hernaðarbandalaginu NATO er raunveruleg ástæða til að óttast slíkt. Þátttaka Íslands í stríðinu í Afganistan, sem staðið hefur á tíunda ár, er dæmi um það.

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK leggja til að í framhaldi af rannsókninni verði bundið ákvæði í stjórnarskrá um að Ísland sé her- og vopnalaust svæði, allri aðild að hernaðarbandalögum verði hætt og landið og miðin verði lýst kjarnorkulaust svæði. Þannig getur Ísland lagt lóð á vogarskálina fyrir afvopnun og betri heimi, stuðlað að endurheimt sjálfsvirðingar þjóðarinnar og sátt hennar við ábyrgð sína og hlutverk á alþjóðavettvangi.

Stjórn MFÍK